

# Próunarsjóður innflytjendamála 2013

## Development Fund for Immigration Issues

**Heiti verkefnis:** Húsnæðisaðstæður innflytjenda á höfuðborgarsvæðinu

**Nafn styrkþega:** Rauði krossinn í Reykjavík

**Útdráttur:**

Markmið rannsóknarinnar var að kanna stöðu innflytjenda á húsnæðismarkaði og að fá aukna innsýn í áhrifaþætti húsnæðisvanda og tækifæra innflytjenda á leigumarkaði

Niðurstöður sýna að hlutfall innflytjenda á biðlista velferðarsviðs Reykjavíkurborgar eftir félagslegu húsnæði er nokkurn veginn í samræmi við heildarhlutfall innflytjenda í íslensku samfélagi. Einhleypir karlar frá Austur-Evrópuríkjum og einstæðar mæður frá ríkjum bæði innan og utan Evrópu eru stærstu hópar innflytjenda á biðlistanum. Þessi innri samsetning innflytjenda á biðlista velferðarsviðs Reykjavíkurborgar eftir félagslegu húsnæði er svipuð og samsetning fólks með heimabakgrunn á biðlistanum.

Fjölvandi, þ.e. húsnæðisvandi ásamt atvinnuleysi, áfengisvanda og félagslegri einangrun er talinn einkenna hóp einhleypra karla frá Austur- Evrópu sem áberandi eru í þjónustu á vegum Samhjálpar, Hjálpræðishersins og Reykjavíkurborgar.

Einstæðar húsnæðislausar mæður úr hópi innflytjenda í Kvennaathvarfinu eru sérstakur hópur sem mætir viðbótarhindrunum á húsnæðismarkaði. Þær eru í erfiðum aðstæðum vegna einangrunar, skorts á tengslaneti og heimilisofbeldis, og ofan á þessar aðstæður bætist hjá flestum þeirra slök réttarstaða við breytingar á hjúskaparstöðu.

Þróun síðustu ára hefur verið sú að leiguverð hefur farið hækkandi og húsnæðisframboð minnkandi. Kjör þeirra sem eru á leigumarkaði hafa því almennt farið versnandi. Innflytjendur standa hins vegar frammi fyrir sérstökum hindrunum á leigumarkaði; þekkingarskorti um réttindi og heft aðgengi að upplýsingum og úrræðum auk þess að vera berskjaldaðir gagnvart mismunun vegna neikvæðra viðhorfa gagnvart innflytjendum í samfélagini. Slík mismunun kemur skýrt fram í niðurstöðunum sem einn af áhrifaþáttum í aðstæðum innflytjenda á leigumarkaði. Þessi þáttur hefur tölverð áhrif á þau kjör sem innflytjendum bjóðast og á öryggi þeirra á leigumarkaðnum.

**Project Title:** Housing conditions of immigrants in Reykjavík and the capital area

**Name of Grantee:** Reykjavík branch of the Red cross

**Abstract:** The aim of the study was to investigate the situation of immigrants at the Icelandic housing market. Also to gain insight into the factors behind housing problems and immigrant's opportunities in the rental market.

The results show that the proportion of immigrants on the waiting list for social housins in Reykjavík is mainly consistent with the total proportion of immigrants in Icelandic society. Single men from Eastern Europe and single mothers from states within and outside of Europe are the largest immigrant groups on the waiting list. This internal combination of immigrants on the waiting list for social housing in Reykjavík is similar to the internal combination of people with a home background on the waiting list.

Multifaceted problem, ie housing problems as well as unemployment, alcoholism and social isolation are considered to characterize a group of single men from Eastern Europe, who are prominent in the service of Samhjálp, the Salvation army and the City of Reykjavík.

Single, homeless, immigrant mothers who use the Women's shelter (Kvennaathvarfið) make up a group that encounters additional barriers in the housing market. Their situation is especially difficult due to isolation, lack of a social network and domestic violence. On top of this many of them face a poor legal status if they get divorced.

The development in the rental market in recent years has been rising prices and fewer apartments available. The situation of people in the rental market in general has deteriorated. However, immigrants face additional barriers; such as not having sufficient knowledge about their rights, lack of information and resources as well as discrimination due to negative attitudes towards immigrants in society. Such discrimination is clearly expressed in the results of this research as one of the factors that affects immigrant's situation in the rental market. This factor has a significant impact on the price offered to immigrants and their security in the rental market.